



## FUNDARGERÐ

### Aðalfundar Eikar fasteignafélags hf.

Priðjudaginn 12. apríl 2016, kl. 15.30 var haldinn aðalfundur hjá Eik fasteignafélagi hf. að Smáratorgi 3, Kópavogi.

Á fundinn var mætt fyrir hönd hluthafa er fara með 59,6% hlutafjár í félaginu.

Fundurinn hófst með því að formaður stjórnar bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Lagt var til að Pétur Guðmundarson, hrl. yrði kjörinn fundarstjóri og að Árdís Ethel Hrafnisdóttir, lögfræðingur Eikar, yrði falin ritun fundargerðar og var það samþykkt samhljóða.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarboðunar og staðfesti að hún hefði verið í samræmi við samþykktir félagsins og upplýsti jafnframt að mætt væri fyrir 59,6% hlutafjár og því teldist fundurinn lögmætur og bær til þess að afgreiða þær tillögur sem fyrir honum lægju.

Meðal fundargagna var ársskýrsla félagsins, starfskjarastefna félagsins og upplýsingar um framboð til stjórnar.

Fundarstjóri upplýsti fundinn að upplýsingar um hluthafa félagsins og meiriháttar breytingar á hluthafahóp, sbr. 4. mgr. 84. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 sé getið á bls. 11 í ársreikningi.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár:

#### 1. Skýrsla stjórnar og kynning á rekstri félagsins og stefnu.

Stefán Árni Auðólfsson, stjórnarformaður, tók til máls og fór yfir helstu þætti í starfsemi félagsins á árinu 2015. Stefán tjáði fundinum að hann myndi ekki gefa kost á sér í stjórn félagsins og þakkaði starfsfólki, forstjóra og hluthöfum gott samstarf.

#### 2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2015 lagður fram til samþykktar

Garðar Hannes Friðjónsson, forstjóri félagsins, kynnti ársreikning félagsins fyrir árið 2015. Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2015 námu rekstrartekjur félagsins um 5.907 milljónum kr. og hreinn fjármagnskostnaður nam 2.583 milljónum kr. Heildarhagnaður ársins nam 4.629 milljónum kr., rekstrarhagnaður nam 8.363 milljónum kr. og rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu og afskriftir nam 4.173 milljónum kr. Heildareignir félagsins, skv. efnahagsreikningi, námu 69.687 milljónum kr. Heildarskuldir voru 46.148 milljónir kr. og var eigið fé félagsins 23.539 milljónir kr.

Að aflokinni kynningu gaf fundarstjóri orðið laust um ársreikninginn og skýrslu stjórnar.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, fyrir hönd hluthafa, þakkaði fyrir gott uppgjör. Þakkaði hann fráfarandi formanni sérstaklega fyrir vel unnin störf í gegnum árin. Þá þakkaði hann forstjóra og stjórn fyrir vel unnin störf.

Hluthafar samþykktu ársreikninginn samhljóða.



### **Tillaga um greiðslu arðs til hluthafa**

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um meðferð hagnaðar sem liggur fyrir fundinum. Tillagan er:

*„Stjórn félagsins leggur til að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur kr. 0,237 á hlut fyrir árið 2015. Heildarfjárhæð arðgreiðslunnar er um 820.000.000 króna. Arðsákvörðunardagur er 12. apríl 2016 sem þýðir að skráðir hluthafar í lok dags 14. apríl 2016 (arðsréttindadagur) eiga rétt á arðgreiðslu. Arðleysisdagur er því 13. apríl 2016 sem er fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag og útborgunardagur er 25. maí 2016.“*

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögu stjórnar um arðsgreiðslu.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

### **3. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu**

Fyrir fundinn lá eftirfarandi tillaga um stjórnar og nefndarlaun:

Laun hvers stjórnarmanns nemi 250.000 kr. á mánuði og stjórnarformaður fái greidd tvöföld laun eða 500.000 kr. á mánuði.

Laun nefndarmanna í starfskjaranefnd verði 200.000 kr. á ári og laun formanns starfskjaranefndar verði 300.000 kr. á ári.

Laun nefndarmanna endurskoðunarnefndar verði ákveðin af stjórn félagsins

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögu stjórnar.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða

### **4. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins**

Fyrir fundinn lá tillaga um starfskjarastefnu félagsins, sem er hluti af fundargögnum og er getið í dagskrá fundarins samkvæmt fundarboði. Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um að núverandi starfskjarastefna, sem samþykkt var á síðasta aðalfundi standi óbreytt.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögu stjórnar.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

### **5. Kjör stjórnar**

Fundarstjóri upplýsti fundinn um að eftirfarandi einstaklingar hefðu tilkynnt skriflega um framboð til stjórnar:

- Agla Elísabet Hendriksdóttir
- Arna Harðardóttir
- Eyjólfur Árni Rafnsson
- Frosti Bergsson
- Guðrún Bergsteinsdóttir



Fundarstjóri úrskurðaði, að þar sem aðrir hefðu ekki gefið kost á sér til setu í stjórn félagsins, að fyrrgreindir einstaklingar væru rétt kjörnir sem aðalmenn í stjórn félagsins til næsta aðalfundar.

#### 6. Kjör endurskoðenda og ákvörðun um greiðslur til þeirra

Fyrir fundinn lá tillaga stjórnar um að KPMG verði áfram endurskoðendur félagsins og að greitt verði samkvæmt samþykktum reikningum.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögu stjórnar.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða

#### 7. Önnur mál

Frosti Bergsson þakkaði formanni stjórnar fyrir vel unnin störf.

Önnur mál voru ekki rædd.

Fundargerðin upp lesin. Engar athugasemdir bárust.

Að því loknu var fundi slitið kl. 16:10.

Þannig farið fram.

Pétur Guðmundarson, hfrl., fundarstjóri

Árdís Ethel Hrafnisdóttir, fundarritari